

# TÓBAKS- OG NIKÓTÍNNEYSLA Á MEÐGÖNGU

Nikótín finnst m.a. í tóbaki, reyklausu tóbaki, nikótínþúðum, nikótínplástrum, nikótíntöflum og rafrettum. Nikótín frásogast í gegnum slímhúð, lungu og húð og er mjög ávanabindandi. Ekki er þekkt hversu margar konur á Íslandi neyta nikótíns á meðgöngu en vitað er að notkun nikótínþúða hefur aukist mjög mikið í samfélaginu og er það áhyggjuefni.

Rétt er að kanna í fyrsta viðtali hvort kona neyti tóbaks- og nikótíns og upplýsa hana um mögulegar afleiðingar af notkun þess og leiðir til að hætta.

## ALMENNT:

Áhrif nikótínnotkunar/tóbaksnotkunar á meðgöngu hafa verið mikið rannsökuð. Nikótín berst auðveldlega yfir fylgju og hefur neikvæð áhrif á fylgjuna og fóstrið. Talið er að tóbaks- og nikótínneysla í hvaða formi sem er tengist hættu á m.a. vaxtarseinkun, fyrirburafæðingu, fylgjulosi og fósturdauða.

Talið er að styrkleiki nikótíns í fósturblóði sé 15% hærri en í móðurblóði við nikótínneyslu móður. Nikótínmagn í þúðum getur verið mjög hátt.

Hjá barnshafandi konum hefur verið sýnt fram á breytt blóðflæði, bæði í slagæð til legs og naflastrengsslagæð við tóbaks- og nikótínneyslu.

Sýnt hefur verið fram á að hægt sé að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar tóbaks- og nikótínneyslu með því að hætta notkun snemma á meðgöngu.

Nikótín skilst út í brjóstamjólk og mælist í þrefalt hærri styrkleika en í blóðvökva móður.

## RÁÐLEGGINGAR:

Í mæðraverndinni er hægt að fá stuðning, til að hætta tóbaks- og nikótínneyslu, hjá ljósmóður eða heimilislækni.

Sjá vefsíðu:

[Tóbak og meðganga | Heilsuvera](#)